



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 28. febrúar 2025

MINNISBLAÐ

Staða biðlista í frístundaheimili í febrúar 2025

Þann 28. febrúar síðastliðinn voru 12 börn, sem sótt hafði verið um fyrir í frístundaheimili síðastliðið haust, enn á biðlista eftir dvöl. Í frístundaheimilum Reykjavíkurborgar eru nú 3.646 börn, þar af 70 í hlutavistun vegna mönnunarvanda. Á næstu vikum standur til að bjóða fleiri börnum pláss í ákveðnum hverfum.

Auglýst hefur verið eftir starfsfólki í frístundaheimili og ýmist hefur nýlega verið gengið frá ráðningum eða unnið er úr umsóknum sem hafa borist. Helstu ástæður þess að ekki hefur tekist að manna öll störf eru skortur á umsóknum, umsækjendur hafi ekki uppfyllt hæfniskröfur og að nýráðnir mæti ekki til starfa eða hætti eftir nokkra daga, auk óvæntra uppsagna starfsfólks.



Reykjavík